

Skipulagsstofnun
Þóroddur Fr. Þóroddsson,
sviðsstjóri umhverfissviðs
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 02. nóvember 2015
2015090026/42-2
JGO/jgo

Vestfjarðavegur Bjarkarlundur - Skálanes - svar Náttúrufræðistofnunar Íslands

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 25. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun fyrir Vestfjarðarveg (60). Um er að ræða endurupptöku á fyrra máli með breyttum veglínnum t.d. um Teigskóg og mögulega nýjum kosti þ.e. gangnagerð, leið D2.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við áætlunina sem slíka. Stofnunin hefur á fyrri stigum þessa máls komið á framfæri athugasemdum er varða möguleg áhrif á náttúrufar vegna flestra þeirra framkvæmdakosta sem nú eru til umfjöllunar. Stofnunin telur eðlilegra, ef ástæða verður til, að koma að ábendingum og athugasemdum þegar sjálft matið liggur fyrir enda verður þá betur hægt að greina hvað forsendur liggja að baki þeim niðurstöðum sem matið kann að leiða í ljós.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

